

## Svar

### **félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni um breytingar á fjárhæðum örorkulifeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar.**

1. *Hversu mikið þyrftu fjárhæðir örorkulifeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar að hækka um næstu áramót, í jöfnum hlutföllum þannig að ekki komi til „krónufalls“-áhrifa, til að samtala þeirra yrði jöfn framfærsluviðmiði næsta árs og enginn þyrfti að fá greidda sérstaka uppbót á lífeyri vegna framfærslu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð?*

Samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins þyrftu fjárhæðir lífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar að hækka um 26,55% til að ná grunnupphæð sérstakrar framfærsluuppbótar fyrir einstaklinga sem ekki fá greidda heimilisuppbót. Þessi útreikningur miðast við upphæðir almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2023.

2. *Hver yrði beinn kostnaður ríkissjóðs af slikri breytingu á ársgrundvelli?*

Beinn kostnaður yrði um 12 ma. kr. miðað við að aldurstengd örorkuuppbót hækki í samræmi við hækkun örorkulifeyris.

3. *Hvaða áhrif má ætla að breytingarnar hafi á tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga?*

Búast má við að um fimmtungur útgjaldaaukningar skili sér í formi tekjuskatts til ríkissjóðs. Útsvar til sveitarfélaga er ekki reiknað með.

4. *Yrðu einhverjir öryrkjar eða endurhæfingarlífeyrisþegar fyrir kjararýrnun effyrnefndir bótaflokkar yrðu hækkaðir með þessum hætti en reglur um framfærsluuppbótina og skerðingu hennar felldar brott?*

Já, búast má við að um 10% örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega mundu verða fyrir kjararýrnun. Um er að ræða annars vegar einstaklinga sem eru með lágt búsetuhlutfall hér á landi og hins vegar einstaklinga sem eru með lágt aldurstengt lífeyrishlutfall.